

Þriðjudaginn 28. maí, 1991.

Nr. 45/1991. **Ákærvaldið**

(Björn Helgason saksóknari)

gegn

Guðna Björnssyni

(Jón Oddsson hrl.).

Svik. Tékkalög. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Bjarni K. Bjarnason og Guðmundur Jónsson.

Ríkissaksóknari skaut héraðsdómi til Hæstaréttar að ósk ákærða með stefnu 27. desember 1990, en einnig af hálfu ákærvalds til þyngingar á refsingu.

Ákærði krefst sýknu, en verði refsing dæmd, þá verði hún höfð skilorðsbundin.

Svo sem lýst er í héraðsdómi, gaf ákærði út tékka þá, sem í ákæru greinir, í nafni fyrirtækis þess, sem hann starfaði fyrir, til kaupa á hráefni í þarfir þess. Er ákæra eigi á því byggð, að til þess hafi ákærða skort heimild. Tékkarnir voru gefnir út 17. og 22. október 1987. Tékkar að fjárhæð 17.100 krónur og 64.746 krónur bera með sér, að þeir voru innleystir í Landsbanka Íslands 19. og 22. október 1987 og þá ritað á þá, að innstæða á reikningnum væri ekki næg. Tékki að fjárhæð 200.000 krónur ber með sér, að hann var sýndur til greiðslu í Landsbanka Íslands 19. október 1987 og þá ritað á hann, að innstæða væri ekki næg. Fram er komið, að Landsbanki Íslands innleysti þennan tékka einnig.

Í málinu liggur fyrir yfirlit um stöðu tékkareiknings fyrirtækisins, nr. 16858 hjá bankanum, tímabilið frá 31. ágúst 1987 til 11. desember sama ár. Ber það með sér, að inn á reikninginn hafa runnið afurðalán og aðrar greiðslur, meðal annars 23., 29. og 30. október og 11. desember 1987. Þá kemur og fram, að eftir 19. október 1987 var færður til gjalda á reikninginn fjöldi tékka og þá innstæða talin næg, m.a. framangreindur tékki, að fjárhæð 200.000 krónur, sem færður er til gjalda á reikningnum með 207.450 krónum.

Ákærði hefur borið því við sér til afsökunar, að fyrirtækið hafi

haft heimild til yfirdráttar á umræddum reikningi samkvæmt munnlegri heimild starfsmanns eða starfsmanna bankans. Einn starfsmanna Landsbanka Íslands bar vitni fyrir dómnum. Þykir framburður hans ekki skýra til fulls notkun tékkareiknings fyrirtækisins. Þegar gögn málsins eru virt, þykir varhugavert að fullyrða, að ákærði hafi brotið gegn lagaákvæðum þeim, sem í ákæru greinir. Ber því að sýkna hann af kröfum ákæruvaldsins.

Samkvæmt þessu ber að dæma allan kostnað sakarinnar í héraði úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða. Einnig ber að dæma allan áfrýjunarkostnað sakarinnar úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Guðni Björnsson, skal vera sýkn af kröfum ákæruvaldsins í máli þessu.

Allur sakarkostnaður í héraði svo og áfrýjunarkostnaður málsins greiðist úr ríkissjóði, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða í héraði, Brynjólfs Eyvindssonar héraðsdómslögmanns, 28.000 krónur, og skipaðs verjanda ákærða fyrir Hæstarétti, Jóns Oddssonar hæstaréttarlögmanns, 35.000 krónur.

Dómur sakadóms Hafnarfjarðar og Garðakaupstaðar 22. október 1990.

Ár 1990, mánudaginn 22. október, er á dómþingi sakadóms Hafnarfjarðar og Garða, sem háð er að Strandgötu 31, Hafnarfirði, af Guðmundi L. Jóhannessyni héraðsdómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 1947/1988: Ákæruvaldið gegn Guðna Björnssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var 25. september sl., er með ákæruskjali ríkissaksóknara, dags. 14. júní 1988, höfðað gegn Guðna Björnssyni bílasmið, Hrismóum 2 a Garðabæ, fyrir að hafa í október 1987 gefið út til handhafa í nafni fyrirtækisins Ísdans hf. eftirgreinda 3 tékka á reikning fyrirtækisins nr. 16858 í Landsbanka Íslands, adalbanka, án þess að næg innstæða væri fyrir hendi á honum, og notað tékkana í viðskiptum, svo sem hér greinir nánar:

1. Nr. 8078303, kr. 64.746, dagsettur 22. október. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum, er Ísdan hf. var að kaupa fisk.

2. Nr. 8062348, kr. 200.000, dagsettur 17. október. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum á sama hátt til fiskkaupa af Þórlindi Jóhannssyni, Dúfnahólum 2, Reykjavík.

3. Nr. 8062347, kr. 17.100, dagsettur 17. október. Notaður í staðgreiðsluviðskiptum á sama hátt til fiskkaupa af Pétri Hanssyni, Mjólnisholti 4, Reykjavík.

Telst þetta varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, en til vara við 73. gr. laga um tékka nr. 94, 1933, sbr. lög nr. 35, 1977.

Þess er krafist, að ákærður verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærður er sakhæfur, fæddur 22. júní 1952 í Reykjavík, og hefur sætt kærum og refsingum sem hér segir:

Ákærði sættist 1974 á greiðslu sektar fyrir brot gegn 261. gr. hegnl. og 1980 á greiðslu sektar fyrir brot gegn 248. gr., sbr. 256. gr. sömu laga. Auk þess hefur hann sætt refsingu fyrir umferðarlagabrot og áfengislagabrot.

— — —

Málavextir.

Ákærður var haustið 1987 starfsmaður fyrirtækisins Ísdans hf., sem fékkst við fiskkaup, saltfisksverkun og útflutning á fiski. Samkvæmt því, sem fram hefur komið hjá ákærða, hafði hann unnið við markaðssetningu fyrirtækisins, og einnig hafi það verið í verkahring hans að sjá um fjármál fyrirtækisins og tilkynna fjármálastöðu þess til hluthafa þess. Hlutfélagið var með tékktareikning nr. 16858 í aðalbanka Landsbanka Íslands, sem stofnaður var með umsókn, dags. 11. mars 1987, af Júlíusi Högnasyni, prókúruhafa og hluthafa í félaginu, og hafði honum daginn áður af stjórn félagsins verið falið að stofna reikninginn og veitt umboð til að gefa út tékka á reikninginn. Ákærður kvað Júlíusi hafa samþykkt, að hann gæfi út tékka í nafni fyrirtækisins, og aðrir eigendur fyrirtækisins vitað um það og látið viðgangast án athugasemda, og einnig hafi starfsmönnum Landsbankans verið kunnugt um, að hann hafði ekki prókúruumboð. Ákærður hafði yfirlit yfir reikninginn og fylgdist með stöðu hans hverju sinni. Hann hefur viðurkennt að hafa gefið út í nafni fyrirtækisins þá þrjá tékka í nafni Ísdans hf., sem í ákæru greinir, og notað á þargreindan hátt, og sé þeim þar rétt lýst. Hann kvað reikninginn hafa verið á svonefndu „fitti“ í 3 - 4 mánuði, áður en framangreindir tékkar voru gefnir út, og verið ljóst, að raunverulega innstæðu skorti fyrir þeim, og hann jafnframt haldið því fram, að viðtakendum tékkanna hafi mátt vera það ljóst, að tvísýnt gæti verið um innstæðu fyrir þeim. Ákærður hefur hins vegar haldið því fram, að reikningurinn hafi verið nokkurs konar yfirdrætti, þar sem fyrir hafi

legið munnleg heimild frá bankanum, þannig að það hafi verið samþykkt, að þeir (sic) gæfu út tékka umfram innstæðu, sem færi í vanskil, en reikningnum ekki verið lokað, ef þeir greiddu þá ásamt dráttarvöxtum og innheimtuþóknun innan 10 daga, frá því að þeim var framvísað.

Lagt hefur verið fram í málinu auk reikningsyfirlits ljósrit af svonefndum „fitt“-lista eða lista yfir tékka án innstæðu, og náðu þeir aðallega yfir færslur í október 1987, og sést af þeim, að í lok október eru þessir tékkar samtals að fjárhæð langt á aðra milljón króna, og hefur ákærður viðurkennt að hafa, nokkru áður en reikningnum var lokað, fengið viðvörðun um, að fyrirtækið yrði að gera eitthvað til að rétta reikninginn við og laga fjármálin. Ákærður sagði, að áður en fyrirtækið hefði byrjað í svona miklum viðskiptum við Landsbankann, hefði farið fisksending frá því til útlanda og greiðslur fyrir hana ekki skilað sér. Þá hefði verið haldinn fundur með æðstu mönnum bankans og þeim verið gerð grein fyrir, hvað gerst hafði, og þeir verið spurðir, hvort þeir væru tilbúnir að hjálpa til við að reyna að bjarga fyrirtækinu, og þeir verið tilbúnir til þess. Óbeint hafi bankanum mátt vera ljóst, að teflt var á tvær hættur. Sendingin hafi verið upp á tæpar 5 milljónir, og kannski um 10% líkur hafi verið á því, að greiðslur fengjust fyrir hana, og því mátt reikna með því, að það kæmi einhvers staðar við í ekki stærra fyrirtæki en þessu, og um leið og bankinn hafi tekið ákvörðun um að hjálpa því, hafi hann tekið ákveðna áhættu.

Ákærður var spurður um heimilaðan yfirdrátt á reikningnum og tryggingar, sem þá hafi þurft að setja til að fá þá heimild, og var honum ekki vel kunnugt um það og taldi trygginguna hafa verið breytilega, og verður helst ráðið af framburði hans, að fyrirtækið hafi fengið afurðalán, sem gengið hafi inn á reikninginn, og tryggingin fyrir lánunum og yfirdrættinum svo farið saman, að tryggingin hafi minnkað, er gengið hafi á birgðir fyrirtækisins vegna sölu eða annars, en hún svo aukist við birgðasöfnun og vinnslu fisks í húsi fyrirtækisins. Ákærður kvað enga sérstaka ástæðu hafa verið fyrir lokun reikningsins, þetta hafi bara verið víta-hringur, beðið hafi verið eftir peningum, sem ekki hafi komið.

Vitnið Bjarni Jónsson bankastarfsmaður, Stekkjarhvammi 54, Hafnarfirði, kt. 130247-3939, starfaði í tékkadeild Landsbanka Íslands, aðalbanka, til októberloka 1987 og hafði fylgst með færslum á og notkun tékkareiknings Ísdans hf. nr. 16858 og kannaðist við, að ákærður kæmi í bankann vegna þessa reiknings, og hefði hann virst vera einn af fleirum, sem séð hefðu um þennan reikning. Það kvað þó nokkra veltu hafa verið á reikningi þessum og það viðgengist, að hann væri á svonefndu „fitti“, þ.e., að starfsmenn Ísdans hf. gæfu út tékka umfram innstæðu og heimildir, en engar munnlegar heimildir eða samþykktir fyrir þessu hefðu verið frá bankanum. Einstaklingum og fyrirtækjum, sem fari í óleyfi yfir á reikn-

ingum, hafi samkvæmt venju og starfsreglu í tékkadeildinni verið gerð grein fyrir því munnlega eða bréfluga, ef ástæða þótti til, að þeir mættu ekki gera þetta undir neinum kringumstæðum. Innstæðulausa tékka fá menn þó að greiða innan ákveðins tíma með innheimtukostnaði og vöxtum og jafna þannig reikninginn. Vitnið var spurt, hvort reikningur Ísdans hf. hefði verið jafnaður við og við. Kvað vitnið það hafa verið óreglubundið og minnti, að undir það síðasta hefðu ekki komið innlegg eftir því, sem vonir stóðu til, eða upplýsingum fyrirtækisins um, að von væri á því, og kannski hefðu umsvifin minnkað. Vitnið reiknaði með, að reikningi Ísdans hf. hefði verið lokað 29. október 1987, vegna þess að hann hefði verið ítrekað (sic) í vanskilum og ekki verið jafnaður með inngreiðslum, þó að reikningshafa hefði verið gefinn kostur á því og tilkynnt um, að honum yrði lokað ella. Vitnið kvað sér skiljast, að það væri matsatriði, hvenær kært væri eða reikningi lokað, sem væri á „fittinu“, en svo lengi sem bankinn teldi einhverja von um, að reikningur yrði jafnaður með uppgreiðslu tékka í vanskilum, væri reynt að ná þeim inn án lokunar reiknings, þar sem það væri afskaplega alvarleg gerð og hefði hroðalegar afleiðingar fyrir hlutadeigandi. Bankinn reyndi því eftir föngum að forðast þessa gerð, og til hennar kæmi almennt ekki, nema tékkar fengjust ekki borgaðir. Þá kom fram, að um þessa tékka gildi svonefnd 10 daga regla, þ.e. þá yrði að greiða innan 10 daga, því að ella ætti bankinn á hættu að tapa endurkröfurétti á innlausnarbankann, og því væri reynt að loka reikningi, áður en tékkarnir yrðu eldri en þetta, til þess að geta náð inn kröfunni hjá öðrum bönkum. Vitnið kvað þetta þó ekki algilt; það gæti orðið fyrir slys, að tékkar yrðu eldri eða að þá byggðist á mati bankans um, að ekki væri öll von úti um, að hann næði sjálfur inn andvirði tékkanna.

Niðurstöður.

Í málinu brestur sönnur um, að munnleg eða skrifleg heimild hafi verið frá forstöðumanni bankans um, að gefnir væru út um nokkurra mánaða skeið tékkar án innstæðu á reikningnum og þannig heimilaður óformlegur yfirdráttur. Hins vegar er ljóst, að þetta hafði viðgengist um nokkurt skeið, en ákærður nokkru fyrir lokunina fengið viðvörðun um hana og mátti því vera ljóst, að með því að gefa út fleiri innstæðulausa tékka, meðan reikningurinn hafði ekki verið réttur af, stuðlaði hann að lokun hans, og var því við útgáfu tékkanna nokkuð fyrirsjáanlegt, að ekki yrði unnt að tryggja innstæðu fyrir þeim, enda staðan orðin þannig, að beðið var eftir peningum inn á reikninginn, en litlar líkur fyrir, að þær (sic) bærust, t.d. 10%, eins og ákærður hélt fram. Miðað við þessa stöðu hefði verið eðlilegt, að ákærður léti viðtakendur tékkanna vita af stöðunni og að innstæðu kynni að bresta fyrir þeim. Með því að dylja þá þess, hvaða áhættu þeir tækju um að fá

tékkana greidda, hefur ákærður beitt svikum, svo að varða við 248. gr. almennra hegningarlaga, en með sölu tékkanna hlaut ákærður ávinning eða fyrirtækið Ísdan, sem nam fjárhæð þeirra, þar sem fiskur sá, sem keyptur var með þeim, var fyrirtækinu til frjálsra umráða, en annaðhvort bankinn eða viðtakendur tékkanna hafa orðið fyrir samsvarandi fjárhagstjóni fyrst í stað, þó að innheimta þeirra kunni að hafa tekist síðar.

Refsing ákærða þykir samkvæmt framangreindu refsíákvæði og með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 45 daga, en eftir atvikum þykir mega fresta fullnustu refsingarinnar, og niður skal hún falla að liðnum 2 árum frá uppkvaðningu dóms þessa, haldi ákærðu almennt skilorð samkvæmt 57. gr. alm. hegningarlaga, sbr. lög nr. 22, 1955.

Dæma ber ákærðan til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talinna málsvarnarlauna til skipaðs verjanda ákærðs, Brynjólfs Eyvindssonar hdl., sem ákveðast kr. 28.000 auk virðisaukaskatts.

D ó m s o r ð:

Ákærður, Guðni Björnsson, sæti fangelsi í 45 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar, og niður falli hún að liðnum 2 árum, haldi ákærður almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940, sbr. lög nr. 22, 1955.

Ákærður greiði allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Brynjólfs Eyvindssonar, kr. 28.000 auk virðisaukaskatts.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.
